

052/00 - M.b. Hrönn ÍS-303

Hrönn ÍS-303, skipverji slasast við löndun

M.b. Hrönn ÍS-303

Skipaskr.nr.: 2049

Smíðaður: í Svíþjóð 1989 úr trefjaplasti

Stærð: 5,79 brl; 9,40 bt

Lengd: 9,66 m **Breidd:** 3,28 m **Dýpt:** 1,20 m

Vél: Mermaid 140,00 kW **Árgerð:** 1989

Annað:

Földi skipverja: 2



Hrönn ©Jón Sigurðsson

Atvikalýsing

Hinn 11. apríl 2000 var m.b. Hrönn ÍS-303 við bryggju á Suðureyri en báturinn er gerður út til veiða með línu.

Unnið var við löndun úr bátnum og þarf að draga kör til á lestargólfi sem liggja inni undir þilfari. Krók frá löndunarkrana á bryggjunni hafði verið krækt í band á kari til að draga það til svo að hægt væri að lyfta því. Þegar verið var að draga karið til slitnaði bandspottinn í karinu og við það slóst krókurinn í andlit skipverjans sem vann í lestinni og slasaðist hann.

Við rannsókn kom fram

- að lokið var við að hífa 2 kör af 11 úr lestinni þegar slysið varð;
- að lestarlúka er ekki fyrir miðju skipi heldur aðeins bakborðsmegin við miðju. Þar af leiðandi eru þrjár raðir af körum þannig fyrir komið í lestinni að ekkert kar í þeim er undir lúkuopi. Þarf því að draga eitt kar úr röðunum annaðhvort fram eða aftur og síðan undir lúkuop

Nefndarálit

Orsök slyssins er að bandspotti í kari slitnar.

Nefndin telur að aðstaða til löndunar sé varhugaverð þar sem ekkert kar í röðunum er undir lúkuopi. Við löndun komi óeðlilegt átak við að draga körin til eftir botni lestarinnar. Við þannig aðstæður þurfa skipverjar að ganga úr skugga um að sá búnaður, sem notaður er við slíkar aðstæður, sé ekki slitinn og hafi fullnægjandi styrk fyrir það átak sem hann verður fyrir.